

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 175/1994.

Bergey hf.

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Vélbátatryggingu Eyjafjarðar

(Óli Þór Ástvaldsson framkvæmdastjóri)

Kærumál. Aðför. Lögtaksréttur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. apríl sl., sem barst réttinum ásamt kærugögnum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fellt úr gildi fjárnám, sem gert var í v/b Berghildi, SK 137, eign sóknaraðila, hinn 1. júlí 1993. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að aðfararveð hans í umræddum báti samkvæmt áður nefndu fjárnámi verði staðfest, en til vara, að „úrskurður héraðsdóms verði staðfestur með þeim breytingum þó að kveðið verði nákvæmlega á um breytingar á gerðinni og hún látin standa þannig en ekki fyrirskipuð endurupptaka“. Til þrautavara krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur óbreyttur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög átti varnaraðili lögveð í v/b Berghildi SK 137 og lögtaksrétt fyrir skoðunarkostnaði og váttryggingariðgjöldum af bátnum. Lögtaksréttur helst samkvæmt 17. gr. í tvö ár frá gjalddaga þessara krafna. Fjárnáms var krafist vegna iðgjalds fyrir tímabilið 1. mars til 31. desember 1991 og allt árið 1992 svo og vegna matskostnaðar bæði árin. Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. reglugerðar um bátaábyrgðarfélög nr. 367 frá 22. mars 1976 fellur iðgjald í gjalddaga við upphaf váttryggingartímabils. Gjaldagi iðgjalds 1991 var því 1. mars á því ári. Fjárnámsbeiðni varnaraðila er dagsett 18. janúar 1993. Hinn 8. mars 1993 var varnaraðila birt boðun til fjárnáms, sem hófst 10. sama

mánaðar. Þá voru liðin meira en tvö ár frá gjalddaga iðgjalds vegna ársins 1991 og lögtaksréttur fyrir kröfu varnaraðila vegna þess árs fyrndur.

Í kröfugerð varnaraðila er iðgjaldsskuld sóknaraðila 1992 sögð nema 1.595.283 krónum. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að 205.343 krónur af þeirri fjárhæð séu iðgjald af áhafnartryggingu, sem ekki nýtur lögtaksréttar samkvæmt 17. gr laga nr. 18/1976. Viðurkennt er af varnaraðila í bréfi til Tryggingaeftirlitsins frá 7. mars 1994, að iðgjald vegna v/b Berghildar SK 137 allt árið 1992 hafi numið 1.389.940 krónum. Ágreiningslaust er, að frá iðgjaldsskuldinni eigi að dragast innborganir frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, samtals 1.240.218 krónur, lækkun iðgjalds vegna hafnarlegu 168.878 krónur og afsláttur af iðgjaldi 61.053 krónur og 3.164 krónur. Þessir frádráttarliðir nema samtals hærri fjárhæð en iðgjald ársins 1992 að viðbættum matskostnaði þess árs, sem var alls 7.960 krónur samkvæmt kröfugerð varnaraðila. Stóð því ekkert eftir af lögtakskröfu varnaraðila vegna ársins 1992, þegar fjárnáms fyrir henni var krafist.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að fella umrætt fjárnám úr gildi.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

D ó m s o r ð:

Framangreint fjárnám, sem fram fór í v/b Berghildi SK 137 hinn 1. júlí 1993, er fellt úr gildi.

Varnaraðili, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, greiði sóknaraðila, Bergey hf., samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 23. mars 1994.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þann 23. febrúar sl.

Sóknaraðili málsins er Bergey hf., kt. 560190-1159, Kirkjugötu 9, Hofsósi. Varnaraðili er Vélbátatrygging Eyjafjarðar hf., kt. 690269-6359, Akureyri. Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að aðfarargerð sýslumannsins á Sauðárkróki nr. 21/1993/00021 verði felld úr gildi og að sóknaraðila verði

dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila. (Hér er misritun í kröfu sóknaraðila, því að fjárnámið er nr. 21/1993/00020.)

Varnaraðili gerir þær endanlegu dómkröfur, að kröfum sóknaraðila verði hafnað, aðfararveð varnaraðila í Svölunni SK-37 skv. aðfarargerð nr. 21/1993/00020 verði staðfest og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins. Þá er krafist virðisaukaskatts á tildæmdan málskostnað.

II.

Málavextir.

Sóknaraðili tryggir bát sinn, Svöluna SK-37, eign- og áhafnartryggingu hjá varnaraðila. Tryggingariðgjaldið fellur í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

Þann 1. júlí gerði sýslumaðurinn á Sauðárkróki fjárnám fyrir meintri iðgjaldsskuld sóknaraðila. Með bréfi, dags. 20. júlí 1993 og móttæknu af dóm-inum 22. júlí s.á., krafðist sóknaraðili úrlausnar héraðsdómsins um fjárnámið.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að einungis einn maður hafi stundað veiðar á Svölunni 1991 og 1992 og þar af leiðandi eigi hann rétt á endurgreiðslu vegna þeirra ára. Þá kveðst sóknaraðili aldrei hafa fengið nákvæma sundurliðun á því hvernig iðgjöld vegna bátsins séu reiknuð. Loks byggir hann kröfu sína á því, að ágreininginn beri skv. 19. gr. laga nr. 18/1976 að leggja í gerð og því beri að taka kröfu sína til greina.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að kröfur hans séu réttmætar og ekkert hafi verið aðfinnsluvert við framkvæmd fjárnámsins.

Varnaraðili kveður sóknaraðila ekki eiga kröfu til frekari endurgreiðslu iðgjalda vegna hafnarlegu og uppistöðu bátsins. Í þessu sambandi vísar hann til 31. gr. reglugerðar nr. 367/1967 um bátaábyrgðarfélög, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 231/1984 um breytingu á reglugerð nr. 367/1976.

Varnaraðili vísar til tryggingarskírteinis varðandi fjölda í áhöfn bátsins. Upphaflega hafi verið beðið um tryggingu fyrir tvo menn í áhöfn bátsins og sóknaraðili fengið váttryggingarskírteini þess efnis. Breytingar varðandi fjölda í áhöfn hafi sóknaraðila borið að tilkynna varnaraðila strax. Sóknaraðili hafi látið vita um breytingu á áhöfn vegna ársins 1992 og fengið endurgreidda áhafnartryggingu í samræmi við það. Aftur á móti hafi ekki verið látið vita um breytingu í áhöfn fyrir árið 1991 fyrr en með bréfi lögmanns sóknaraðila í mars 1993. Sú breyting sé allt of seint fram komin. Varnaraðili kveður tryggingarfélög ekki endurgreiða áhafnartryggingu vegna smábáta

nema tilkynnt sé um breytingar í áhöfn fyrir fram. Þetta hafi hann hins vegar gert umfram skyldu.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Svalan SK-37 er opinn vélbátur og fellur því ekki beint undir lög nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Aðilar virðast hins vegar sammála um að lög og reglugerðir um bátaábyrgðarfélög gildi um samskipti þeirra. Í váttryggingarskírteini Svölnunnar SK fyrir árið 1992 kemur fram, að um váttrygginguna gildi lög nr. 41/1967 um bátaábyrgðarfélög og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Telja verður að þar eigi váttryggingarsali við núgildandi lög og reglugerðir um bátaábyrgðarfélög. Samkvæmt þessu er rétt að dæma málið með hliðsjón af lögum og reglugerðum um bátaábyrgðarfélög.

Við munnlegan flutning málsins bar sóknaraðili fram nokkrar nýjar málsástæður en þeim var öllum mótmælt sem of seint fram komnum og koma því ekki til álita við úrlausn máls þessa.

Sóknaraðili heldur því fram, að mál þetta eigi skv. 19. gr. laga um bátaábyrgðarfélög undir gerðardóm. Mál þetta er sprottið af innheimtu varnaaðila á váttryggingariðgjöldum sem hann taldi venjuleg og óumdeild að fjárhæð.

Dómurinn telur að ákvæði nefndrar 19. gr. standi því ekki í vegi að váttryggingariðgjöld séu innheimt með fjárnámi. Telja verður að varnaaðila hafi verið rétt að reyna innheimtu iðgjaldanna með fjárnámi en af gögnum málsins verður ekki séð að sóknaraðili hafi haft uppi mótmæli gegn þeim fyrr en við framkvæmd fjárnámsins og mótmælt þá kröfum varnaaðila almennt. Þá telur dómurinn að sóknaraðila hafi boðið að krefjast þess að málið yrði lagt í gerð strax og honum var kunnugt um innheimtutilraunirnar, hafi hann viljað fara þá leið, eða í síðasta lagi, þegar hann krafðist úrlausnar héraðsdóms.

Nefnt gerðardómsákvæði 19. gr. laga nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög var með lögum nr. 116/1993, sem tóku gildi 1. janúar sl., fellt úr gildi, án þess að kveðið væri á um hvernig fara bæri með óútkljáð mál. Það er viðtekin lögskýringarregla að íþyngjandi ákvæðum yngri laga er ekki beitt um atvik sem gerast í tíð eldri laga nema yngri löggin kveði skýrt á þar um. Dómurinn telur að brottfall nefndrar 19. gr. geti ekki, eins og hér stendur á, talist íþyngjandi fyrir sóknaraðila enda á hann þess kost að bera málið undir dómstóla. Með þessum rökum verður ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að fella beri fjárnámið úr gildi, þar sem átt hafi að leggja ágreininginn í gerð.

Dómurinn féllst á rök varnaraðila þess efnis, að krafa um endurgreiðslu áhafnartryggingar fyrir árið 1991 sé of seint fram komin og verður krafa sóknaraðila um endurgreiðslu ekki tekin til greina. Fram lögð skjöl sóknaraðila um lögskráningu á Berghildi SK-137 vegna árána 1991 og 1992 breyta hér engu, enda miðast tryggingin við fjölda í áhöfn en ekki ákveðna menn. Þá er upplýst, að varnaraðili endurgreiddi sóknaraðila 44% af váttryggingar- iðgjöldum fyrir árið 1991 vegna uppistöðu bátsins alls, kr. 84.000,00. Af gögnum málsins verður ekki séð að báturinn hafi legið í höfn í 30 daga sam- fellt sem er skilyrði þess að unnt sé að fá endurgreiðslu á iðgjaldi auk þess sem varnaraðili hefur ekki samþykkt höfnina á Hofsósi sem tryggan og ör- uggan stað, sbr. 31. gr. reglugerðar nr. 367/1976, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 231/1984. Samkvæmt nefndri 31. gr. reglugerðar nr. 367/1976 kemur endur- greiðsla vegna ársins 1992 ekki til álita þegar af þeirri ástæðu, að tjónsbætur þess árs voru meira en helmingur af iðgjöldum ársins.

Varnaraðili hefur lækkað kröfur sínar frá því sem getur í greiðsluáskorun til sóknaraðila og telur dómurinn ekki ástæðu til að fella fjárnámið úr gildi vegna þess.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, telur dómurinn rétt að fallast á kröfur varnaraðila, þó þannig, að breyting verður á vaxtakröfunni vegna ákvæðis í 2. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 367/1976 um bátaábyrgðarfélög en þar er kveðið svo á að bátaábyrgðarfélögum sé heimilt að innheimta vexti af iðgjöldum sem séu 1% lægri en vixilvextir Landsbanka Íslands.

Með hliðsjón af málsúrslitum þykir rétt að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00 auk virðisauka- skatts.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lagt er fyrir sýslumanninn á Sauðárkróki að gera að kröfu varnar- aðila, Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, kt. 690269-6359, Akureyri, fjár- nám hjá sóknaraðila, Bergey hf., kt. 560160-1159, Kirkjugötu 9, Hofs- ósi, fyrir kr. 65.911,00 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 50.000,00 í málskostnað auk virðisaukaskatts.